

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Skúlatúni 2
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. október 2012
Tilvísun: UST20120700073/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024.

Lýsing breytinga

Í greinargerð kemur fram að tillaga að breytingu er þrjúþætt: Að fella út áform um stofnbraut (Holtsgöng), sem ætlað var að tengja Sæbraut við Hringbraut. Að auka byggingarmagn á svæði NLHS við Hringbraut. Að breyta legu stofn- og tengistíga á svæðinu milli gömlu og nýju Hringbrautar.

Tillaga að breyttri legu stofn- og tengistíga

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttri legu stofn- og tengistíga á svæðinu milli gömlu og nýju Hringbrautar.

Stofnbraut Holtsgöng felld út

Fram kemur í greinargerð að Holtsgöngum var einkum ætlað að létta á umferðarálagi á Lækjargötu og Sóleyjargötu og auðvelda aðgengi að miðborginni frá Hringbraut. Syðri gangamunni Holtsganga var fyrirhugaður á og við lóð NLSH við Hringbraut, þau áform um staðsetningu gangamunnans samræmast ekki fyrirbyggjandi hugmyndum um skipulag og uppbyggingu á lóð NLSH.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti í umfjöllun um umferðarflæði á miðsvæði Reykjavíkur að koma fram hve mikla umferð gert er ráð fyrir að Hringbrautin beri, þá væri hægt að bera saman tölur og skoða áhrif aukningar af meiri nákvæmni. Einnig þyrfti að koma fram hver umferð hefði verið um Holtsgöng ef talið er með það byggingarmagn sem bæta á við á lóð NLHS skv. ofangreindri breytingartillögu.

Umhverfismat

Í umhverfismati þeirrar breytingar að fella áætlun um Holtsgöng út úr aðalskipulagsáætlun fyrir Reykjavíkurborg er ekki farið yfir umferð miðað við 150 þúsund fermetra uppbyggingu á Landspítalalóð. Að mati Umhverfisstofnunar hefði einnig þurft að skoða samanlagða aukningu sem verður á Hringbraut og nærliggjandi umferðaræðum vegna beggja breytingartillagnanna.


Breytingar á byggingarmagni við LSH


Í inngangi að greinargerð segir: „Fyrir liggur að áformað byggingarmagn á svæðunum norðan Hringbrautar er vanáætlað í gildandi aðalskipulagi. Miðað við endurskoðuð áform um uppbyggingu NLHS þá þarf að auka byggingarmagn verulega á svæðinu.“ Áætlað er að byggingarmagn á svæðinu við Hringbraut verði 150 þúsund fermetrar í stað 100 þúsund fermetra áður. Þessar breytingar hafa í för með sér að brúttónýting á svæðinu eykst um 25 – 30%. Í umhverfismati breytingartillögunnar er áhrifum af auknu byggingarmagni á Landspítalalóðinni á umferðarflæði á miðsvæði Reykjavíkur vísað til þess tíma er uppbyggingu hefur verið lokið. Að mati Umhverfisstofnunar kemur fram hver aukning umferðar verður að lokinni uppbyggingu upp á 40 þúsund fermetra á Landspítalalóð. Í umhverfismati kemur ekki fram mat á umferð eftir uppbyggingu 150 þúsund fermetra sem settir eru á áætlun með skipulagsbreytingatillögu.

Niðurstaða

Holtsgöng voru hugsuð sem lausn á framtíðar-umferðarvanda á miðsvæði Reykjavíkur. Með ofangreindri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024 er horfið frá áætlun um Holtsgöng. Tillaga að breytingu á byggingarmagni á lóð NLHS mun auka nýbyggingar á lóðinni um 50%. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki fram í greinargerð og umhverfisskýrslu hver áhrif á umferðarflæði á Hringbraut og nærliggjandi umferðaræðum verða þegar lögð eru saman áhrif af 50% aukningu nýbygginga á lóðinni og að Holtsgöngum er sleppt.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun